

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS
16.1.2022 (#10 2021-2022)

Stjórnarfundur er haldinn kl. 17:00 á Zoom.

Mættir eru **Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Hákon Hrafn Sigurðsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Rún Friðriksdóttir og Jón Águst Gunnlaugsson**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er yfirfarin og samþykkt.

2. Þríþrautarþing

Fram fer umræða um þríþrautarþing en áætlað er að halda þingið þann 26. febrúar. Ljóst er að nauðsynlegt er að setja fyrirvara um afléttingu takmarkana til þess að hægt sé að halda þingið.

3. Reglur- og lagabreytingar

Farið yfir drög af lagabreytingum. Ákveðið að IBP, VM og HHS vinni tillögurnar áfram.

4. Afrekstefna, endurgjöf frá þríþrautarfélögum

Lagðar fram umsagnir um drög að afrekstefnu frá Ægi3 og Breiðablik.

Forseti og JG munu rýna í athugasemdir og ákveða hvort ástæða sé til að gera breytingar á drögunum fyrir komandi þríþrautarþing.

5. Guðlaug Edda og afreksnefnd

Fjallað um málefni Guðlaugar Eddu sem búin er að skipta um þjálfara. Ákveðið að skipa afrekshóp þriggja einstaklinga sem verður Guðlaugu til stuðnings.

6. Upplýsingarmál, ráðning

Farið yfir hugmyndir um miðlun upplýsinga. Ákveðið að rýna betur í valkosti stöðunnar.

7. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 6. febrúar næstkomandi.

Fundi slitið kl. 18.50